



Deildarfundur í Fjarðarbyggð

Reyðarfjörður, 01.11.2018

Mættir: Fjórtán félagsmenn mættir ásamt formanni og framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

1. Formaður LSS setur fund kl. 20. Fyrsti fundur hringferðar. Reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynnir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Formaður LSS fór yfir tilurð þessarar nefndar. Ásmundur Páll Hjaltason fór yfir vinnu laganefndar. Náð var í skjöl um skiptingu fulltrúa og lagabreytingarnar sóttar og kynntar. Umræður:
 - a. **Atkvæði.** Bent var á að það væru ekki allir jafnir ef þeir væru ekki með jöfn atkvæði. Sú leið væri ekki farin þarna. ÁPH benti á að nefndin væri að jafna greiðslur og atkvæði. Formaður LSS benti á að þetta tengdist blönduðu deildunum. Menn voru engu nær.
 - b. **Úthlutun úr sjóðum LSS.** Ef ætti að tala um eininguna þá þyrfti rétta hlut hlutastarfandi úr sjóðum. Skoða þarf greiðslur hlutastarfandi þegar talað um þjónustu úr þessum sjóðum, sérstaklega orlofssjóð. Varðand Starfsmenntunarsjóð og Styrktarsjóð LSS þá er hlutfallslega greitt úr þeim sjóðum út frá framlagi vinnuveitanda í sjóðina. LSS er sammála því að megi útfæra reglur um orlofssjóð betur í ljósi þess sem hefur komið fram og verður það skoðað. Miða þarf við krónutölur sem vinnuveitandi greiðir af viðkomandi í útsvar varðandi úthlutun í orlofssjóði. Setja upp skilvirkar og gegnsæjar úthlutunarreglur orlofssjóðs.
 - c. **Umræður um atkvæðavægið.** Almenn séð fannst aðilum bilið of breitt. Ætti að miðast við 1-5%, 6-10% osfrv. Einn fulltrúi sagði að hann gæti samþykkt þetta fyrirkomulag ef stjórn væri ekki með atkvæði. Umræða var með atkvæði formanns varð við grein 9.5 um að það standi á jöfnu.

4. Komandi kjaramál. Formaður LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkningar í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

a. Umræða með laun stjórnenda. Almenn skoðun að bilið er of lítið. Einn fulltrúi sagði að stjórnendur færu úr félaginu ef ekki næðist að semja almennilega um kjör þeirra. Formaður LSS var sammála um að laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.



b. Laun hlutastarfandi. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðrétta skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn. Mikill þirringur með hlutastarfandi sjúkraflutningamenn og samkomulagið sem var gert við Fjarðarbyggð. Breiðdælingar kvittuðu ekki undir samning og munu hætta á næstunni. LSS þarf að taka samtalið við HSA um næstu skref. Valdniðsla og reynt að splundra þeirra samstöðu. LSS beðið um grípa inn í aðstæður.

Sérmál LSS

Formaður fór yfir sérmál LSS.

- Tryggingakaflinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- Vaktavinnukaflinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktaálagið sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.
- Þrekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum. Rætt var um reglugerð um slökkvilið og útfærsluna á því. Allir sammála því að ef um fasta viðveru að ræða þá ber að borga fyrir það.

HS fór yfir útistandandi mál hjá Fjarðarbyggð. Fór yfir fyrirhugaða hækkun hlutastarfandi Formaður LSS fór yfir breytt vinnubrögð stjórnar..

Formaður LSS þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 22:18

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS